

**Nd. 189. Frumvarp til laga [103. mál]**

um breyting á lögum nr. 97 18. des. 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra.

Skal verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda fyrir eitt ár í senn og aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil. Nánari skýrgreiningu á veiðitímabilinu skal ráðherra ákveða með reglugerð.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú næst ekki einróma samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma, og skal þá vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fisksöluaðilum í verðlagsráði og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L.Í.Ú., og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra, sem tilnefna menn í verðlagsráðið samkv. B-lið 1. gr., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af fiskkaupendum í verðlagsráði, og skal a. m. k. annar tilnefndur af þeim aðila, sem ágreiningur er við, og oddamanni, sem er forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans.

Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

3. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist nýr málsl., þannig: Frá 1. janúar 1966 greiðist þessi kostnaður úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.